

**Nd.**

### **31. Frumvarp**

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Í sama sjóð og á sama hátt skulu og renna laun yfirsetukvenna þeirra umdæma, er auð kunna að standa innan læknishéraðsins, hvort sem þau laun eiga að greiðast af bæjarsjóðum eða ríkissjóði og sýslusjóðum.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða lækniþjónu, og rennur þá það, sem afgangur verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

#### 2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast lækniþjónu-sjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá heilbrigðisstjórnarinnar, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

#### 3. gr.

Fé lækniþjónu-sjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héraðið séu sem sjaldnast lækniþjónu og yfirsetukvennalaus, svo sem með því að leggja það til lækniþjónu-sjóða, uppbótar á launum yfirsetukvenna eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héraðið eftirþjónu-verðari fyrir lækna og yfirsetukonur eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

#### 4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr lækniþjónu-sjóðum, en heilbrigðisstjórnin tekur ákvarðanir um þær.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

#### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum og visast til fyrri greinargerða. Frv. er óbreytt frá því sem það var flutt á sumarþinginu, að öðru leyti en því, að bætt hefir verið einni málsg. aftan við 1. gr., og þarfnast hún ekki skýringar.